

Netmiðlar ný undiralda áhrifa



Guðrún Högnadóttir segir að ein grein sem hún las í námi við Háskóla Íslands á sínum tíma sé sérstaklega

minnisstæð. Þetta er grein sem Þorbjörn Broddason skrifaði um upplýsingar og völd.

„Hann benti á að völd hafa færst á milli manna eftir því hver

ræður yfir þekkingunni. Fyrr á öldum var það kirkjan sem sagt var að væri í beinum tengslum við guð og vissi allt um trúna og þar af leiðandi voru prestar í miklum valdastöðum.

Segja má að þessi áhrif hafi síðan færst yfir til lækna sem vissu allt um mannslíkamann og gátu svolítið miðstýrt þekkingu þar. Síðan fóru þessi ítök yfir til stjórnmálamanna sem ráða yfir upplýsingum um samfélög og völdin færðust þangað. Loks færðust völdin til fjölmiðla sem stýrðu aðgangi fólks að upplýsingum. En í dag höfum við aðgang að öllum gögnum í gegnum netið – og þar með tækifæri til að jafna dreifingu þekkingar og áhrifa.“

Guðrún minnst í þessu sambandi á bókina *The Social Organism* eftir Oliver Lockett.

„Í bók sinni rekur Lockett hvernig netið er að próast með mjög lífrænum hætti. Hann ber saman áhrif og rafræn tengsl manna við hvernig frumur þroskast, tengjast og nærast. Bókin varpar sérstaklega áhugaverðu ljósi á hvernig netið tengir fólk og hugmyndir, fólk og fyrirtæki, fólk og hreyfingar – og verður í

raun undiralda áhrifa og valds og hreyfiafl byltinga, t.d. í Norður-Afríku.

Bók Locketts er einstaklega áhugaverð rýni á þá stökkbreytingu samskipta og áhrifa sem hefur átt sér stað á örfáum árum. Sú stökkbreyting getur leitt af sér einstaka þróun manna og samfélaga – eða tekið á sig skelfilegar birtingarmyndir t.d. eineltis og ítaka umdeilda afla. Áhrif okkar í dag – hvort sem það er á sviði rekstrar, stjórnmála, menntunar eða samskipta – krefjast þess að við skiljum, virðum og nýtum þá lífrænu byltingu sem er að eiga sér stað með netmiðlum.“ **FV**

„Í bók sinni rekur Lockett hvernig netið er að próast með mjög lífrænum hætti. Hann ber saman áhrif og rafræn tengsl manna við hvernig frumur þroskast, tengjast og nærast. Bókin varpar sérstaklega áhugaverðu ljósi á hvernig netið tengir fólk og hugmyndir.“
